

FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

ÍSLENSKA 2126

Próftími 90 mínútur

Nafn: _____

Kennitala: _____

Kennari:

Hjálpargögn: Þú mátt nota **Stafsetningarorðabók**

Til athugunar: Munið að merkja öll ykkar úrlausnablöð.

Prófið er á 11 síðum auk forsíðu, athugaðu hvort þú sért með þær allar.

- ❖ Lestu vandlega yfir allar spurningar áður en þú hefst handa við að svara.
- ❖ Mundu að vanda frágang og hafa í heiðri íslenskar stafsetningar- og málfarsreglur svo að hver setning komi þekkingu þinni til skila.
- ❖ Vægi spurninga er mismikið og nýttu tíma þinn í samræmi við það.
- ❖ Mundu að rökstyðja svörin og hafa þau skýr.
- ❖ Athugaðu að það er valspurning í síðustu spurningu.

Farðu vel eftir leiðbeiningum!



Gleðileg jól !

Gangi þér vel og takk fyrir önnina!



1. Krossaspurningar um heimildaskráningu og tilvitnanir (16 %)

Krossaðu við eitt rétt svar!

2 %

1. Merktu við réttustu uppsetningu á skráningu heimildar:

- Steinunn Sigurðardóttir. (1996.) *Tímaþjófurinn*. Mál og menning, Reykjavík.
- Tímaþjófurinn*. Mál og menning, Reykjavík, Steinunn Sigurðardóttir. 1996.
- Mál og menning, *Tímaþjófurinn*. Reykjavík, Steinunn Sigurðardóttir. (1996.)
- 1996. Steinunn Sigurðardóttir. *Tímaþjófurinn*. Mál og menning, Reykjavík.

2 %

2. Heimildaskrá á alltaf að...?

- raða upp eftir númerum
- setja upp á forsíðu
- raða upp í tímaröð eftir útgáfuári
- raða upp eftir stafrófsröð

2 %

3. Hvað á að koma fremst þegar heimild er skráð?

- Ártal og útgefandi
- Útgefandi og höfundur
- Titill eða ártal
- Höfundur eða titill

2 %

4. Hvernig á að ganga frá titli í heimildaskrá?

- Titill á vera með litlum stöfum
- Titill á að vera á kínversku
- Titill á að vera skáletraður
- Titill á að vera í bláum lit

2 %

5. Hvernig á að merkja beina tilvitnun ritgerðar úr bók?

- (Höfundur. Útgáfuár og blaðsíðutal)
- (Höfundur eða titill. Útgáfuár:blaðsíðutal)
- (Netslóð. Netfang. Netagerð)
- (Höfundur. Titill. útgáfuár)

2 %

6. Það eru til þrjár aðferðir við að vitna í heimild, og þær eru ...?

- óbein heimild, heimilisfang og bein heimild
- óbein heimild, bein heimild innan gæsalappa og bein heimild lengra inn á spássú
- bein heimild án gæsalappa, óbein heimild innan gæsalappa eða gæsaugna
- óbeinar heimildir frá lögreglu, tollstjóra og beinar frá kennara

2 %

7. Algengustu aðferðir við að vísa til heimilda eru þrjár, hvaða?

- svigartilvísun í texta, neðanmálstilvísanir eða aftanmálstilvísanir
- tillitslaus heimild með vísu, vísifingursheimild og heimeyjarvísa
- bein heimild án gæsalappa, óbein heimild innan gæsalappa eða gæsaugna
- óbeinar heimildir frá lögreglu, tollstjóra og beinar frá kennara

2 %

8. Hér fyrir neðan eru þrjár heimildaskrár, merktu þá réttu með krossi?



Sýnishorn af heimildaskrá
[Án höfundar]. 1835. Þólinir. *Þólinir. Árs-ri handa Íslendingum.* 1:1-17.
Baldur Jónsson. 1998. Afskipti stjórnvalda af íslenskum framburði 1940-1984. Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Órnólfur Thorsson (ritstj.). *Greinar af sama mennti heilgáðar Indriða Gíslavnu sjöttugum*, bls. 229-254. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík.
Brennu-Nýla saga. 1954. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
Burt, Marina K. and Carol Kiparsky 1972. *The Gofficon: A Repair Manual for English*. Newbury House, Rowley, Massachusetts.
Guðrún Bjartmársdóttir og Ragnhildur Richter. 1990. Inngangur. *Húðir. Lýð og laus mál. Úrval Guðrún Bjartmársdóttir valdi efnið*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Menntingarsjóður, Reykjavík.
Helga Kress. 1983. *Kvennalökmennir. Hugak og heiti í bókmenntafræði*. Jakob Benediktsson ritstjóri. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, Reykjavík.
Inghildur Axelisdóttir og Þórunn Blöndal. 2000. *Handbók um ritun og frágangur*. Íttunn, Reykjavík.
Íslensk orðabók. 2002. Ritstjóri Möður Árnason. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.
Jón G. Friðjónsson. 1997. Neyta tvörki svelus né motar. *Reasar málfræði*. Íslenska bókaútgáfan, Reykjavík.
Leifur Haukason og Sigurlaug Margrét Jónasdóttir. 2006. Samfélagið í nærmýnd. *Ríkisritvörpið. Rás 1*, 19. janúar.
Svarar Sigmundsson. 1987. Íslenska í samanburði við önnur mál. *Íslenskt mál* 9:95-109.
Wayne, Joanna. 2002. *Nágranni í hærri*. Þýðandi Hanna M. Sigurðardóttir. Rauda serlan. Ástúfgáfan, Akureyri.
Þórunn Gísladóttir. 1995. Freyja óskakvennaður karla í öllum tímum. *Gagnasafn Morgunblaðsins*. Sótt 15. janúar af slóðinni: http://www.mbl.is/mn/gagnasafn/grein.html?grain_id=217991



Sýnishorn af heimildaskrá
[Án höfundar]. 1835. Þólinir. *Þólinir. Árs-ri handa Íslendingum.* 1:1-17.
Baldur Jónsson. 1998. Afskipti stjórnvalda af íslenskum framburði 1940-1984. Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Órnólfur Thorsson (ritstj.). *Greinar af sama mennti heilgáðar Indriða Gíslavnu sjöttugum*, bls. 229-254. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík.
Brennu-Nýla saga. 1954. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
Burt, Marina K. and Carol Kiparsky 1972. *The Gofficon: A Repair Manual for English*. Newbury House, Rowley, Massachusetts.
Guðrún Bjartmársdóttir og Ragnhildur Richter. 1990. Inngangur. *Húðir. Lýð og laus mál. Úrval Guðrún Bjartmársdóttir valdi efnið*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Menntingarsjóður, Reykjavík. Helga Kress. 1983. *Kvennalökmennir. Hugak og heiti í bókmenntafræði*. Jakob Benediktsson ritstjóri. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, Reykjavík.
Inghildur Axelisdóttir og Þórunn Blöndal. 2000. *Handbók um ritun og frágangur*. Íttunn, Reykjavík.
Íslensk orðabók. 2002. Ritstjóri Möður Árnason. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.
Baldur Jónsson. 1998. Afskipti stjórnvalda af íslenskum framburði 1940-1984. Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Órnólfur Thorsson (ritstj.). *Greinar af sama mennti heilgáðar Indriða Gíslavnu sjöttugum*, bls. 229-254. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík.
Brennu-Nýla saga. 1954. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
Burt, Marina K. and Carol Kiparsky 1972. *The Gofficon: A Repair Manual for English*. Newbury House, Rowley, Massachusetts.
Guðrún Bjartmársdóttir og Ragnhildur Richter. 1990. Inngangur. *Húðir. Lýð og laus mál. Úrval Guðrún Bjartmársdóttir valdi efnið*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Menntingarsjóður, Reykjavík.



Sýnishorn af heimildaskrá
[Án höfundar]. 1835. Þólinir. *Þólinir. Árs-ri handa Íslendingum.* 1:1-17.
Baldur Jónsson. 1998. Afskipti stjórnvalda af íslenskum framburði 1940-1984. Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Órnólfur Thorsson (ritstj.). *Greinar af sama mennti heilgáðar Indriða Gíslavnu sjöttugum*, bls. 229-254. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík.
Brennu-Nýla saga. 1954. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
Burt, Marina K. and Carol Kiparsky 1972. *The Gofficon: A Repair Manual for English*. Newbury House, Rowley, Massachusetts.
Guðrún Bjartmársdóttir og Ragnhildur Richter. 1990. Inngangur. *Húðir. Lýð og laus mál. Úrval Guðrún Bjartmársdóttir valdi efnið*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Menntingarsjóður, Reykjavík.
Helga Kress. 1983. *Kvennalökmennir. Hugak og heiti í bókmenntafræði*. Jakob Benediktsson ritstjóri. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, Reykjavík.
Inghildur Axelisdóttir og Þórunn Blöndal. 2000. *Handbók um ritun og frágangur*. Íttunn, Reykjavík.
Íslensk orðabók. 2002. Ritstjóri Möður Árnason. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.
Jón G. Friðjónsson. 1997. Neyta tvörki svelus né motar. *Reasar málfræði*. Íslenska bókaútgáfan, Reykjavík.
Leifur Haukason og Sigurlaug Margrét Jónasdóttir. 2006. Samfélagið í nærmýnd. *Ríkisritvörpið. Rás 1*, 19. janúar.
Svarar Sigmundsson. 1987. Íslenska í samanburði við önnur mál. *Íslenskt mál* 9:95-109.
Wayne, Joanna. 2002. *Nágranni í hærri*. Þýðandi Hanna M. Sigurðardóttir. Rauda serlan. Ástúfgáfan, Akureyri.
Þórunn Gísladóttir. 1995. Freyja óskakvennaður karla í öllum tímum. *Gagnasafn Morgunblaðsins*. Sótt 15. janúar af slóðinni: http://www.mbl.is/mn/gagnasafn/grein.html?grain_id=217991

2. Íslendingaþættir (21 %).

1. Hvaða Íslendingaþáttur gerist í Rómaborg?

2 %

- Hreiðars þáttur
- Þorsteins þáttur stangarhöggs
- Auðunar þáttur vestfirska
- Sneglu-Halla þáttur
- Enginn

2. Íslendingaþættir:

2 %

- eru valdir kaflar úr Íslendingasögum og Íslandssögunni
- eru sjónvarpsþættir um víkinga
- eru styttri en Íslendingasögur, taldir hafa þróast upp úr þeim
- eru margir felldir inn í konungasögur
- eru sjónvarpsþættir sem Snorri Sturluson stjórnar

3. Hvaða maður hefur skrifað merkasta verkið um norræna goðafræði?

2 %

- Rasmus Kristian Rask
- Halldór Laxness
- Snorri Sturluson
- Ari fróði

4. Í Þorsteins þætti stangarhöggs segir Bjarni þessi orð:

2 %

„Mun þér nú eigi verða þeirra kvenna dæmi er það gráta á annarri stundu er eggja á annarri? En ég þoli oft lengi frýjuorð bæði þér og öðrum en þá stoðar og ekki að letja mig þá er ég vil fara.“

Hvað merkir undirstrikaða orðið?

- ásökun, ögrun
- frelsun, flug
- frí og leyfi
- orðagjálfur, bull

5. Í sama þætti segir Bjarni þessi orð:

2 %

„[...] lætur sér annars víti að varnaði [...]“

Hvað merkja þessi orð?

- Að láta verja frá sér víti í fótbolta
- Að gera ekki sömu mistök og einhver annar
- Að láta eins og fífl
- Að gera sömu vitleysuna aftur og aftur



6. Haraldur harðráði í Sneglu-Halla þætti var skáld gott og hafði gaman af því að væri?

- ort um sig níðvísur
- kastað klámyrðum
- gert grín að kennurum
- talað fallega um sig
- allir uppnefndir

2 %

7. Haraldur konungur elskaði Íslendinga mjög og gaf þeim?

- bækur og aska
- klukku og mjöl
- vopn og klæði
- handrit eins og Flateyjarbók og fleira

2 %

8. Segðu frá hver Auðun er, í Auðunar þætti vestfirnska?

3 %

9. Hvað merkir orðatiltækið: „Að reka af sér slyðruorðið“?

4 %

3. Málsaga (10 %).

Lestu textann og svaraðu spurningu sem er inni í textanum og krossaspurningum á eftir textanum!!

UM STAFSETNINGU OG SÖGU TUNGUMÁLS

Íslenska er rituð með latnesku stafrófi eins og flest tungumál í Evrópu. Stafrófsskrift er í eðli sínu hljóðaskrift, þar er hverjum bókstaf ætlað að tákna eitt máhljóð. Það er samt mjög misjafnt hversu hljóðrétt tungumál eru stafsett. Finnska kemst þar líklega einna næst meðal Evrópumála, enskan síst. Stafsetning íslenskunnar má teljast í meðallagi hljóðrétt. Frávik frá reglunni um að hafa aðeins eitt hljóð og eitt tákni (bókstaf) eru þó mörg. Þannig tákna bókstafirnir *i* og *y* sama hljóð og bókstafurinn *g* getur táknað mörg mismunandi hljóð (samanber *g* í orðunum *gaman*, *gefa*, *lögum*, *lagt*, *agi*). Uppruni orða hefur líka mikil áhrif á íslenska stafsetningu (samanber orð sem rituð eru með *y* í íslensku).

Stafsetning íslenskra orða var lengi vel á reiki. Snemma kom í ljós að hljóðtákn latínunnar dugðu ekki fyrir íslenskuna, stafi vantaði fyrir sum hljóð í málinu og sumir stafir í latínu nýttust ekki fyrir íslenskuna. Þetta kemur t.d. fram í *Fyrstu málfræðiritgerðinni* sem var líklega samin einhvern tíma á tímabilinu 1125-1175. Höfundur hennar (Fyrsti málfræðingurinn) setti sér það markmið að semja stafróf sem hentaði íslensku sem best. Einkum voru það sérhljóðar sem vantaði og hann bætti fjórum sérhljóðum við þá fimm sem voru í latínu, auk þess sem hann gerði greinarmun á stuttum og löngum sérhljóðum. Samhljóðarnir sem vantaði voru tákni fyrir hljóðin *þ* og *ð*. Hann bætti þó aðeins við tákni *þ*. Bókstafurinn *ð* komst ekki endanlega inn í stafsetningu fyrr en í byrjun 19. aldar fyrir tilstuðlan málfræðingsins Rasmusar Kristjáns Rasks. Stafirnir *þ* og *ð* voru settir á ritvélar og síðar tölvur fyrir íslenskan markað. Athyglisvert er að þessir „íslensku“ stafir standa ekki til boða stundum í nútímasamskiptum okkar í sumum tegundum símtækja, þ.e. sms-skilaboðum. Hvaða stafi þurfum við að nota í staðinn þar?

2 %


Tillögur Fyrsta málfræðingsins hlutu ekki almenna útbreiðslu. Þó gætir áhrifa frá honum hjá skrifurum á 13. öld og fram á þá 14. í miðaldahandritum er stafsetning því margvísleg og engar samræmdar stafsetningarreglur í gildi. Þegar prentöld hefst á Íslandi á 16. öld ber á

tilburðum til að samræma stafsetningu og á næstu öldum komu ýmsir fram með ákveðnar hugmyndir, t.d. Eggert Ólafsson sem samdi sérstakar stafsetningarreglur árið 1762. Eggert tók til dæmis upp broddsérhljóð eins og á, í og ó í stað þess að tvírita sérhljóða (aa, ii o.s.frv.) Eggert gerði einnig skýran greinarmun á i og y þótt munur þessara hljóða væri þá horfinn úr málinu. Áður höfðu þessi hljóð verið aðgreind í framburði og þá um leið í ritun. Þó varð löng bið á því að Íslendingar næðu sátt um samræmda stafsetningu og yrðu almennt fylgjandi þeirri skoðun að æskilegt væri að allir rituðu íslensku á sama hátt. Rasmus Kristján Rask samdi *Lestrarkver handa heldri manna börnum* sem kom út árið 1830 og var það mikilvægt skref í átt að samræmdri stafsetningu. Rask studdist mjög við upprunasjónarmið í stafsetningu sinni. Hann tók aftur upp stafinn ð og vildi líka skrifa z þar sem fallið höfðu saman í framburði ds, ðs eða ts. Hann greindi á milli i og y í stafsetningu. Rask greindi einnig á milli n/nn-endinga í lýsingarorðum eins og gert er í dag, til dæmis hlýðin stúlka, hlýðinn drengur.

Á síðari hluta 19. aldar jókst prentun mikið og ýtti það undir kröfur um „opinbera“ stafsetningu fyrir íslensku. Einnig má nefna í því sambandi lög um skólaskyldu, þau kölluðu líka á samræmdar reglur. Fyrsta auglýsing um stafsetningu, sem hafði stuðning opinberra aðila, birtist árið 1918. Þar kom fram að sama stafsetning skyldi vera í skólum og á skólabókum.

Sem dæmi um flakk í stafsetningarreglum má nefna að z datt út 1918. Ný auglýsing birtist svo 1929. Þá var ákveðið að z skyldi tekin inn aftur og að skrifa skyldi é í staðinn fyrir je. Með auglýsingu árið 1974 var z enn lögð niður og komusetning einfölduð. Talsverðar breytingar urðu líka á stafsetningu 1977 en stórar breytingar hafa ekki verið gerðar á stafsetningu síðan.

Allt þetta sýnir að stafsetning er samkomulagsatriði þótt stundum geti verið erfitt að átta sig á reglunum. Við höfum hins vegar í dag ýmis hjálpartæki sem er um að gera að nýta sér þegar skrifað er. Þau mikilvægustu eru orðabækur og villuleitarforrit.



Handrit þar sem þ og ð sjást vel. Íslendingar og Norðmenn tóku þessa bókstafi eftir Engilsöxum. Nú er þ eingöngu notaður í íslensku en ð tíðkast líka í færeysku.
Kennari: Gunnar Þorri

2 %

1. Fyrsta málfræðiritgerðin er talin skrifuð?

- á 10. öld (900 - 1000)
- á 13. öld (1200 - 1300)
- á 11. öld (1000 - 1100)
- á 12. öld (1100 - 1200)
- á 20. öld (1900 - 2000)

2 %

2. Það er samt mjög misjafnt hversu hljóðrétt tungumál eru stafsett, hvaða tungumál er hvað síst hljóðrétt?

- íslenska
- finnska
- enska
- danska
- þýska

2 %

3. Hvenær hófst prentöld á Íslandi?

- á tölvuöld
- á miðöldum
- á 16. öld
- í gær

2 %

4. Hvenær birtist fyrsta auglýsingin um samræmda stafsetningu í íslensku máli?

- árið 2010
- á miðöldum
- árið 1918
- árið 1974

4. Tengispurningar um málsögu, goðafræði, Flateyjargátu og Íslendingapætti (8%)
Tengdu saman viðeigandi atriði (settu réttasta tölustafinn á línuna):

- | | |
|----------------------------------|----------------------|
| 1. Rúnir | _____ stafróf |
| 2. Loki | _____ málfræðingur |
| 3. Fyrsti málfræðingurinn | _____ fupark |
| 4. Þorsteins þáttur stangarhöggs | _____ í |
| 5. Frammælt | _____ Flateyjarbók |
| 6. Munksgaard útgáfan | _____ Hefndarmynstur |
| 7. Mjólnir | _____ Þór |
| 8. Rasmus Kristjan Rask | _____ Angurboða |

6. Flateyjargáta (12 %)

Krossaðu við eitt rétt svar!

1. Hvað heitir réttarlæknirinn?

- Hildur Snorradóttir
- Jóhanna Kjartansdóttir
- Óskar Jónsson
- Magnús Hansen

2 %

2. Við hvað starfar Bryngeir?

- Lögreglumaður
- Læknir
- Bláðamaður
- Nemandi

2 %

3. Hver er Hannes, í sögunni Flataeyjargáta, hvað gerir hann og hve gamall er hann?

- Hannes er tvítugur og er bláðamaður
- Herra Hannes er 35 ára hreppstjóri og lögreglumaður
- Hannes er kennari og er um fertugt
- Séra Hannes er um sjötugt

1%

4. Hver er Alfríður í Flateyjargátu?

- Alfríður er fegurðardrottning Flateyjar 1960.
- Alfríður er kennslukonan á Flatey.
- Alfríður er læknirinn.
- Alfríður er prestsfrúin.

1 %

5. Frá hvaða öld er Flateyjarbók?

- á 13. öld (1200 - 1300)
- á 10. öld (900 - 1000)
- á 14. öld (1300 - 1400)
- á 11. öld (1000 - 1100)
- á 12. öld (1100 - 1200)

2 %

6. Hvernig blek var notað til þess að skrifa fornu handritin okkar Íslendinga, eins og Flateyjarbók?

- grískt jurtate
- baskneskt blóð
- sennilega sortulyng
- hollenskt hass
- sennilega tokkarískt innflutt tungumál

2 %

7. Hvar er Munksgaard útgáfan af Flateyjarbók geymd?

- Í Eyjabúð, hjá Valda kaupmanni
- Hjá jólasveininum Bjúgnakræki og Grýlu
- Á bókasafninu í Flatey undir glerborði á milli tveggja glugga

2 %

7. Ritun (14 %)Veldu **eina** spurningu:

HÉR ÞARFTU AÐ SKRIFA AÐ
MINNSTA KOSTI 150 ORÐ
OG FARA VEL EFTIR ÞESSUM
LEIÐBEININGUM!

1. Fjallaðu um **Jómsvíkingafélagið** í sögunni Flateyjargáta (hvaða reglur eða athafnir fóru fram í þessu félagi, hvernig tengist félagið helstu atburðum sögunnar og hvaða persónur tengjast þessu félagi í sögunni)?

EÐA

2. Fjallaðu um **Bryngeir** í sögunni

Flateyjargáta (hvernig og hvaða persóna er hann, hvað heitir faðir hans, hvernig tengist hann helstu atburðum, öðrum persónum og atburðum í sögunni)?

Matspættir:

Semjið inngang þar sem efnið er kynnt og afmarkað á ákveðinn hátt.
Rökstyðjið síðan mál ykkar í 2 - 4 efnisgreinum (3 - 7 línur hver). Að lokum semjið síðan niðurstöðu. Skriðið á allar línur, ekki vera nísk á ykkar þekkingu (þið megið fá aukablöð). Matspættir eru eftirfarandi:

Efnið er afmarkað, almennt orðað í upphafi	1 stig
Bygging efnisgreina	3 stig
Skipulag meginmáls, röksemdir, dæmi til rökstuðnings, fafla	5 stig
Er skýr niðurstaða í lokin?	2 stig
Málfar og stafsetning	3 stig

